

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Selma Hafliðadóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. febrúar 2007.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um afnám verðtryggingar lána (10. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu sem er ætlað að fela viðskiptaráðherra að hefja undirbúning þess að verðtrygging húsnæðislána verði afnumin.

Tillöguflytjendur virðast ekki hafa neina hugmynd um hvernig verðtrygging virkar. Þeir virðast halda að verðtrygging sé lögð á með lögum. Staðreyndin er hinsvegar sú að fullt samningsfrelsi ríkir um þetta og er því lántakendum frjálst að taka verðtryggð lán eða óverðtryggð að eigin vild. Í greinargerð með tillögunni kemur fram að markmið hennar sé að bæta hag lántakenda. Hagur þeirra verður því betri eftir því sem þeir hafa meira frelsi og úr fleiri valkostum að velja. Það að banna lántakendum að taka verðtryggð lán væri því skref í ranga átt. Það er einnig misskilningur að greiðslubyrði óverðtryggðra lána séu minni en verðtryggðra, enda eru vextir hærri á slíkum lánnum. Yfirdráttarlán eru dæmi um óverðtryggð lán en ýmsir þingmenn sem leggjast gegn verðtryggingu hafa þó haldið því fram í ræðu og riti að greiðslubyrði af slíkum lánnum sé að sliga marga lántakendur.

Eitt frávik er frá framangreindu samningsfrelsi í lögum. Það má finna í 2. málsli. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál en þar segir að lán íbúðalánasjóðs skuli verðtryggð með vísitölu neysluverðs. Viðskiptaráð hefur áður lýst þeirri skoðun sinni að ríkið eigi að hætta þessari lánastarfsemi sen er í samkeppni við einkaaðila. Á meðan hennar nýtur hinsvegar við kemur til greina að veita lántakendum val á milli verðtryggðra og óverðtryggðra lána. Því kæmi til greina, í huga ráðsins, að breyta þessu ákvæði. Slík áskorun þyrfti hinsvegar að berast félagsmálaráðherra en ekki viðskiptaráðherra.

Viðskiptaráð leggur því til að tillagan nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Davíð Þorláksson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs